

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 28.05. 2026

Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 08:15-09:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir, Hafdís Sigurðardóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Kristín Garðarsdóttir (fjarverandi), Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir og Sigríður Harpa Hannesdóttir (fjarverandi).

Dagskrá:

1. Skólapúlsinn – lokaniðurstöður úr nemendahluta 6.-10. bekk

Skólastjóri fór yfir nýjust mælingar í nemendapúlsi í 6-10. bekk. Tölur eru almennt á leiðinni upp og margt jákvætt að mælast hjá okkur. Niðurstöður nemendakönnunar fyrir skólaárið 2025–2026 sýna að skólastarfið er byggt á góðum grunni. Skólinn er í heild kringum (yfir og undir) landsmeðaltali á flestum þáttum. Nemendur upplifa gott samband við kennara, taka virkan þátt í kennslustundum og líður vel í skólanum. Þá mælist einelti minna en á landsvísu og nemendur hafa trú á eigin vinnubrögðum. Agi og vinnufriður í tímum eru undir landsmeðaltali og vellíðan nemenda, einkum í eldri árgöngum, mælist lítillaga lægri en æskilegt er. Áhugi á lestri og þrautseigja í námi mælist aðeins undir viðmiðum. Færri nemendur nýta sér skólamáltíðir en á landsvísu og ánægja með matinn er mun minni en hjá samanburðarhópum. Heildarniðurstaðan er að skólinn hefur marga styrkleika, sérstaklega hvað varðar samskipti, þátttöku og félagslegt öryggi nemenda, en jafnframt eru tækifæri til að bæta vinnufriði, vellíðan og ánægju með skólamáltíðir.

2. Starfsmannapúlsinn – niðurstöður 2026

Starfsmannapúlsinn vorið 2026 sýnir að skólinn er mjög sterkur í stjórnun, forystu og almennum stuðningi við skólastarfið. Niðurstöðurnar gefa til kynna gott starfsumhverfi, sterkan faglegan stuðning og skýran vilja starfsfólks til að þróa skólastarfið áfram.

Helstu styrkleikar:

- Stjórnun og forysta er marktækt yfir landsmeðaltali í öllum mældum þáttum, sérstaklega hvað varðar valdeflandi og sanngjarna forystu.
- Ánægja starfsfólks og trú á eigin faglega getu er góð og bendir til stöðugleika og jákvæðs starfsanda.
- Faglegur stuðningur við kennara, m.a. vegna hegðunar- og námserfiðleika nemenda, er sterkur.

Helstu þróunartækifæri:

- Símenntun: Starfsfólk lýsir mikilli þörf fyrir símenntun, einkum á sviði sérþarfa, hegðunarvanda og fjölmennningar þó þátttaka í formlegri símenntun hafi verið minni en landsmeðaltal.
- Faglegt samstarf kennara má efla enn frekar til að styrkja sameiginlega faglega ábyrgð.
- Námsmat: Tækifæri eru til að auka fjölbreytni í námsmati.

3. Boð um þátttöku á kynningarfund um drög að reglugerð um notkun síma og snjalltækja

Skólastjóri sagði frá því að Mennta- og barnamálaráðuneytið er að boða til kynningarfundar með áhugasömum skólastjórnendum og fulltrúum skólaráða grunnskóla um drög að reglugerð varðandi notkun síma og snjalltækja í skólastarfi sem kynnt verður til umsagnar í samráðsgátt í júní. Um er að ræða þrjú fjarfundi stendur öllum skólastjórnendum og þeim sem sitja í skólaráðum grunnskóla til boða að sækja einn þeirra funda. Á hverjum fundi verður farið yfir forsögu vinnunnar og kynnt drög að reglugerð sem rammur af notkun nemenda á sínum og snjalltækjum í skólastarfi. Er þar einkum verið að ræða tæki sem ekki eru í eigu eða umsjá skólanna. Ætlunin er að skólasamfélög sameinist um að skapa „símafrið“ á skólatíma, efla jákvæðan skólabrag og félagsleg tengsl, styðja við einbeitingu og efla frammistöðu nemenda.

4. Mat á störfum skólaráðs í vetur

Almenn ánægja var með störf skólaráðs í vetur. Lagt var til að fundirnir yrðu áfram á föstudögum en yrðu þriðja föstudag í hverjum mánuði í stað fjórða líkt og verið hefur.

5. Önnur mál

- Staðfest var að Haushátíð foreldrafélagsins yrði 28. ágúst nk.
- Sagt var frá fyrirhugaðri nemendaferð 10. bekkja til Danmerkur í apríl á næsta skólaári.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland skólastjóri